

65. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs haldinn með fulltrúum Þjóðskjalasafns og deildarstjóra tölvudeildar Kópavogs um rafræna vistun gagna þann 25. ágúst kl. 13.00.

Mættir voru: Pétur Hrafn Sigurðsson, Sveinbjörn Strandberg, Helga Reinhardsdóttir, Hrafn Sveinbjörnsson og Sæmundur Valdimarsson frá Kópavogi. Frá Þjóðskjalasafni voru mættir Ólafur Ásgeirsson Þjóðskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir, Júlía Pálmadóttir, Bjarni Þórðarson, Eiríkur Guðmundsson og Njörður Sigurðsson.

1. Þjóðskjalavörður opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann fór í gegn um feril og uppbyggingu rafrænnar vistunar hjá Þjóðskjalasafninu og samstarf þess við danska Þjóðskjalasafnið.
2. Hrefna Róbertsdóttir lagði fram nýútkomna handbók frá Þjóðskjalasafni sem meðal annars tekur á rafrænni vistun gagna, einnig eintak um starfsemi Þjóðskjalasafnsins og lög og reglugerðir. Fram kom að lög um skjalavörslu eru í endurskoðun. Hrefna ræddi um tilraunaverkefni sem var í gangi með RSK og Menntamálaráðuneyti og lagði fram skýrslur um þau verkefni.
3. Júlía Pálmadóttir fór í gegn um rafræn gögn og skil á þeim
 - a) Gögn þurfa að koma á kerfiðsóháðu formi frá Kópavogsbæ
 - b) Ræddi um reglur um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa til Þjóðskjalasafns
 - c) Ræddi um tilkynningu á rafrænum skráum og gagnagrunnum til Þjóðskjalasafns
 - d) Ræddi um afhending á vörsluútgáfum gagna til Þjóðskjalasafns en það er á ábyrgð Kópavogsbæjar að koma gögnum á vörsluhæft form.
4. Njörður Sigurðsson fór í gegn um mögulega verkaskiptingu milli Héraðsskjalasafns Kópavogs og Þjóðskjalasafns.
 - a) HSK hefur eftirlit með skjalavörslu
 - b) HSK sér um ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu
 - c) HSK sér um móttöku og samþykkt málalýkla
 - d) HSK sér um móttöku skjalavistunaráætla
 - e) HSK sér um að samþykkja skjalageymslur
 - f) HSK sér um móttöku og varðveislu pappírsskjala
 - g) HSK afgreiðir fyrirspurnir úr afhentum pappírsgögnum
 - h) ÞSS tekur á móti og samþykkir/hafnar grisjunarbeiðnum
 - i) ÞSS tekur á móti tilkynningum og samþykkir rafræn skjalavörslukerfi
 - j) ÞSS tekur á móti tilkynningum um rafræna gagnagrunna
 - k) ÞSS tekur á móti og varðveitir rafræn gögn
 - l) HSK afgreiðir fyrirspurnir úr rafrænum gögnum

Eftir spurningar og svör þakkaði Pétur Hrafn Sigurðsson formaður stjórnar HSK fyrir góðan fund og þær upplýsingar sem fram höfðu komið. Fundi slitið kl. 14.15

Spurningar og svör:

Kópavogur mótar stefnuna um varðveislu gagna

Kópavogsbær ber kostnað af því að koma gögnum á rafræna vörsluútgáfu sem krefst þess að bærinn kaupi modul í sín kerfi til að geta það.

Kópavogsbær þarf að gera yfirlit yfir gagnagrunna og rafræn skjalasöfn hjá sér og í framhaldinu er fyrsta verkið að tilkynna þá inn til ÞSS

Aðeins tekið við nýjum gögnum, eldri gögn þarf að prenta út og geyma á pappírformi

Rafræn gögn eiga að vera aðgengileg í 20 ár hjá viðkomandi stofnun Kópavogsbæjar, en þeim á að skila á 5 ára fresti. Eftir það verða þau aðgengileg hjá HSK

Hugbúnaðarframleiðendur stórra skjalakerfa verða kallaðir á fund í ÞSS í febrúar næstkomandi til að ræða þessar breytingar þannig að kerfi þeirra geti sinnt þeim kröfum sem gerðar eru

Fleira gerðst ekki og var fundi slitið 14.15.